

FUNDARGERÐ

Mánudaginn 8. september 2014 kl. 10:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum Icelandair Hótel Akureyri. Fundurinn fór fram í fundarherbergi á 1. hæð hótelsins að Þingvallastræti 23, Akureyri.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurbjörnssyni, Elínu Pálsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Björk Þorsteinsdóttir var fjarverandi.

Gestir fundarins voru Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri á Akureyri, Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður bæjarráðs Akureyrarkaupstaðar og Pétur Þór Jónasson framkvæmdastjóri Eypings.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2015

Fyrstu drög á grundvelli frumvarps til fjárlaga

Lögð voru fram til kynningar fyrstu drög að greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2015.

Í tekjuhlið áætlunarinnar kemur fram að lögbundin framlög frá ríki nemi samtals 14.854 m.kr. Viðbótarframlag frá ríki nemur samtals 2.668 m.kr. Þar af eru 1.668 m.kr. vegna samkomulags um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 og 1.000 m.kr. vegna aðlögunar að nýju húsnæðisbótakerfi. Áætlað er að 0,77% hlutdeild Jöfnunarsjóðs í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu grunnskólans nemi 8.437 m.kr. á árinu og 0,99% hlutdeild sjóðsins í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra nemi um 10.848 m.kr. Áætlað er að framlag frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna eflingar tónlistarfræðslu mánuðina janúar – ágúst 2015 nemi 347 m.kr. Áætlaðar hreinar vaxtatekjur sjóðsins á árinu nema 144 m.kr. Áætlaðar heildartekjur sjóðsins á árinu 2015 nema því samtals 37.297 m.kr. Í gjaldahlið áætlunarinnar nema bundin framlög samtals 1.685 m.kr., sérstök framlög 7.867 m.kr., jöfnunarframlög 7.000 m.kr., framlög vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar 8.294 m.kr., framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra 10.848 m.kr. og framlög til eflingar tónlistarnáms 347 m.kr. Áætlaður rekstrarkostnaður nemur 95 m.kr. Áætluð framlög og rekstrarkostnaður nema samtals 37.297 m.kr. Þar af er óráðstað 1.161 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að fyrstu drög að greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2015 væru samþykkt með fyrirvara um ráðstöfun tekna af sérstökum bankaskatti á árinu 2015 sem nema 815 m.kr. og eru innifaldar í lögbundnu framlögunum frá ríki, sbr. hér að framan.

FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA

Reykjanesbær – Umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Á fundi ráðgjafarnefndar 16. júlí sl. var lagt fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjanesbæjar, dags. 26. júní 2014. Í erindinu er óskað eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna vinnu við óháða fjárhagslega úttekt á rekstri sveitarfélagsins sem samþykkt var af bæjarstjórn og bæjarráði í apríl sl. að ráðast í vegna slæmrar skuldastöðu sveitarfélagsins. Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að erindi Reykjanesbæjar væri samþykkt með fyrirvara um jákvæða umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Umsögn Eftirlitsnefndarinnar, dags. 4. september 2014, var lögð fram til kynningar á fundinum. Í umsögninni kemur fram að í ljósi fjárhagsstöðu sveitarfélagsins, þar sem skuldaviðmið er nokkuð umfram fjárhagslegt viðmið sveitarstjórnarlaga, mæli nefndin með því að beiðni Reykjanesbæjar um þátttöku Jöfnunarsjóðs í kostnaði vegna úttektar á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins væri samþykkt.

Með tilvísun til umsagnar Eftirlitsnefndarinnar staðfesti ráðgjafarnefndin aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að kostnaði við úttektina með úthlutun framlags að fjárhæð 11,0 m.kr. á grundvelli

ákvæða í b. lið 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010. Óskaði nefndin eftir að Jöfnunarsjóði bærust niðurstöður úttektarinnar þegar þær lögju fyrir.

Breiðdalshreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Breiðdalshrepps, dags. 20. ágúst 2014. Í erindinu leitar nýkjörin sveitarstjórn eftir fjárstuðningi úr Jöfnunarsjóði á grundvelli b. liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 að fjárhæð 12,7 m.kr. á ári til tveggja ára vegna bágrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Í umfjöllun nefndarinnar um beiðni sveitarfélagsins kom fram að fagleg greining á vanda sveitarfélagsins með aðkomu Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga væri forsenda þess að hægt væri að taka beiðni sveitarfélagsins til greina.

Ráðgjafarnefndin samþykkti því að leggja til að beiðni sveitarfélagsins um aðkomu sjóðsins að fjárhagsvanda sveitarfélagsins væri hafnað á þessu stigi málsins.

FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA

Sandgerðisbær vegna vistunar barna

Á fundi ráðgjafarnefndar 16. júlí sl. var lögð fram til umfjöllunar fyrirspurn frá Sandgerðisbæ, dags. 23. júní 2014, um mögulega aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að kostnaðarauka sveitarfélagsins vegna vistunar barna utan heimilis á grundvelli barnaverndarlaga á árinu 2014. Að tillögu nefndarinnar var samþykkt að skoða fyrirspurnina betur á milli funda og var afgreiðslu hennar því frestað.

Á fundinum 8. september sl. var fyrirspurnin tekin á ný til umfjöllunar og afgreiðslu. Fram kom það mat ráðgjafarnefndarinnar að framangreindur kostnaðarauki sveitarfélagsins vegna vistunar barna utan lögheimilissveitarfélags, sem álitinn væri tímabundinn, ætti ekki að vera verulega íþyngjandi fyrir sveitarfélag að þessari stærð. Nefndin samþykkti því að leggja til að umleitan sveitarfélagsins sem fram kemur í fyrirspurninni væri hafnað.

Samstarfsverkefni er snerta sóknaráætlanir landshluta

Á grundvelli samþykktar tillögu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 27. október 2011 hafa verið til ráðstöfunar hjá sjóðnum 25,0 m.kr. á árunum 2012, 2013 og 2014 til að koma til móts við kostnað landshlutasamtaka sveitarfélaga hvað þátttöku þeirra í verkefninu *Sóknaráætlun landshluta* varðar, sbr. heimild í 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010.

Á fundinum var lagt fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi innanríkisráðuneytis, dags. 4. september 2014. Í erindi ráðuneytisins kemur fram að nýtt stýrinet hafi verið skipað varðandi verkefnið *Sóknaráætlun landshluta* og að verkefnið sé nú á forræði byggðamálaráðherra en landshlutasamtökin verði áfram burðarásinn í samskiptum við stýrihóp stjórnarráðsins um áframhaldandi þróun og framkvæmd verkefnisins. Gert er ráð fyrir að nýir samningar sem byggja á sóknaráætlunarverkefninu, vaxtasamningum og menningarsamningum verði gerðir við landshlutasamtökin og undirritaðir í maí 2015. Með tilvísun til þessa er óskað eftir að landshlutasamtökunum verði áfram veittur sambærilegur stuðningur vegna verkefnisins eins og verið hefur á árunum 2012-2014.

Í umfjöllun ráðgjafarnefndar kom fram vilji nefndarinnar til áframhaldandi stuðnings við verkefnið og samþykkti nefndin að leggja til að á árinu 2015 verði 25 m.kr. til ráðstöfunar hjá sjóðnum í verkefnið *Sóknaráætlun landshluta*. Hvað aðkomu sjóðsins að verkefninu næstu ár þar á eftir varðar telur nefndin eðlilegt að vísa þeirri umfjöllun og tillögugerð til nýrrar ráðgjafarnefndar sem verður skipuð í nóvember.

FRAMLÖG TIL EFLINGAR TÓNLISTARFRÆÐSLU

Tillögugerð að uppgjöri framlaga vegna skólaársins 2013-2014, 7. gr.

Á grundvelli 7. gr. reglugerðar, nr. 23/2013, um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda er sjóðnum heimilt að veita sveitarfélögum framlög

vegna nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags að uppfylltu því skilyrði að fyrir liggi staðfesting um að námið verði metið til eininga í framhaldsskóla.

Á fundinum var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endanlegri úthlutun framlaga á grundvelli 7. gr. reglugerðarinnar vegna skólaársins 2013 -2014, samtals að fjárhæð 3.496.831 kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framangreind tillaga að uppgjöri framlaga á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 23/2013 vegna skólaárisins 2013 – 2014 væri samþykkt.

Lagt var fram til kynningar og afgreiðslu erindi Reykjavíkurborgar, dags. 5. september 2014. Sérstakt aukaframlag vegna langtímaforfalla í tónlistarskólum.

Umsókn um framlög vegna veikindaforfalla fyrir skólaárið 2013 – 2014

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjavíkurborgar, dags. 5. september 2014. Í erindinu er sótt um sérstakt aukaframlag samtals að fjárhæð 1.775.534 kr. á grundvelli 6. gr. reglugerðar nr. 23/2013 vegna langtímaforfalla kennara á miðstigi í söng og á framhaldsstigi í söng og hljóðfæragreinum. Forsenda fyrir greiðslu framlagsins er að um veikindi kennara sé að ræða sem standa lengur en einn mánuð enda liggi fyrir vottorð frá lækni um veikindin.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framlag á grundvelli 6. gr. reglugerðarinnar að fjárhæð 1.775.334 kr. vegna langtímaforfalla tónlistarkennara í Reykjavík skólaárið 2013- 2014 væri samþykkt.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUN FATLAÐRA ENDURMAT YFIRFÆRSLUNNAR

Staða mála

Greint var í stuttu máli frá stöðu mála hvað vinnu við faglegt og fjárhagslegt endurmat á yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks varðar.

Mat á faglegum ávinningi af flutningi málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hafði unnið skýrslu fyrir verkefnisstjórnina er annast endurmat á faglegum og fjárhagslegum árangri yfirfærslunnar. Skýrslan byggir á könnun sem framkvæmd var sl. sumar. Hvað könnunina varðar er um að ræða samanburð við könnun sem framkvæmd var við upphaf yfirfærslunnar um stöðu málaflokksins hvað varðar viðhorf annars vegar fullorðinna og hins vegar barna að 18 ára aldri.

Fram kom að heildarfjöldi notenda hafi aukist um 15% frá árinu 2011 og eru notendur þjónustunnar nú liðlega 4.100. Tekið var tilviljunarúrtak (30%) af hverju þjónustusvæði og var svarhlutfall 67%.

Jafnframt kom fram að helsti árangur sem náðst hefði með yfirfærslunni væri að notendur þjónustunnar telja sig nú hafa aukið val yfir eigin aðstæðum og lífi og eru almennt ánægðir með þjónustuúrreði. Þá eru vísbendingar um greiðari aðgang að þjónustunni. Hins vegar kom það í ljós að mikil þörf er á að bæta vinnulag við skilgreiningar á þjónustuþörf og skráningu þjónustunotenda.

Könnun meðal stjórnenda sveitarfélaga v. yfirfærslunnar

Á vegum KPMG var í apríl og maí sl. framkvæmd könnun meðal stjórnenda sveitarfélaga varðandi þau stjórnsýslumarkmið sem sett voru fram við yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga.

Tilgangur og markmið með könnun KPMG var einkum að ná fram sjónarmiðum stjórnenda sveitarfélaga hvað varðar stjórnsýslumarkmið sem fram kom í c - f liðum 2. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga vegna yfirfærslunnar. Stjórnsýslumarkmiðin eru eftirfarandi:

- a) Bæta þjónustu og auka möguleika til að laga hana að þörfum notenda með hliðsjón af ólíkum aðstæðum.
- b) Stuðla að samþættingu nærþjónustu við íbúa sveitarfélaga.

- c) Tryggja að eitt stjórnarsýslustig beri ábyrgð á stærstum hluta almennrar félagsþjónustu, bæta samhæfingu og draga úr skörun ábyrgðasviða stjórnarsýslustiga.
- d) Tryggja góða nýtingu fjármuna.
- e) Styrkja sveitarstjórnarstigið.
- f) Einfalda verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Varðandi markmiðið að tryggja góða nýtingu fjármuna (d-lið) kemur ekki fram afgerandi niðurstaða, en 34% svarenda töldu nýtinguna hafa batnað, 22% að nýtingin væri óbreytt og 24% töldu sig ekki hafa forsendur til að svara. Þá er ljóst að enn eru fyrir hendi svið í stjórnarsýslunni (c-lið) þar sem ábyrgðin er óljós eða óskýr.

SIS MATIÐ – Staða mála

Endurmat fullorðinna

Frá árinu 2010 hefur Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR) metið með samræmdum og hlutlægum hætti hagnýtan stuðning sem einstaklingar með fötlun þarfnast til að lifa eðlilegu lífi með fullri þátttöku í samfélaginu. GRR hefur notað matskerfið *Mat á stuðningsþörf* (Supports Intensity Scale, SIS-mat)).

Samkvæmt samningi innanríkisráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, velferðarráðuneytis og GRR tekur GRR að sér að framkvæma endurmat á þeim einstaklingum sem metnir voru í SIS- mati á árinu 2010. Þá verður einnig framkvæmt SIS- mat á stuðningsþörf fatlaðs fólks sem eru nýliðar í þjónustu á árinu 2014. Samkvæmt samningi var áætlað að framkvæma þyrfti 852 SIS- mót.

SIS mat fyrir börn

Á fundum ráðgjafarnefndar hefur komið fram að unnið er að undirbúningi á SIS- mati fyrir börn og að það muni leysa af hólmi vinnu- og viðmiðunarreglur Jöfnunarsjóðs sem notaðar eru við úthlutun á sérstökum framlögum til sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólanemenda. Þýðingu og staðfærslu SIS- mats fyrir börn er nú lokið og nú er verið að undirbúa innleiðingu á matinu með öflun tilskilinna leyfa og þjálfun matsmanna.

ÖNNUR MÁL

Samband íslenskra sveitarfélaga – Reykjavíkurborg

Ráðstöfun á tekjuauka Jöfnunarsjóðs vegna sérstaks bankaskatts

Lagt var fram til kynningar á ný bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 1. júlí 2014, ásamt bréfi borgarstjórnar í Reykjavík, dags. 24. júní 2014 um ráðstöfun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á tekjuauka vegna sérstaks bankaskatts sem til kemur vegna aðgerða ríkisins til að bæta hag almennings vegna húsnæðisskulda.

Í bréfi Reykjavíkurborgar kemur fram beiðni um að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga beiti sér fyrir því að tekjuaukning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna bankaskattsins verði ráðstafað hlutfallslega til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir útsvarstekjutapi vegna nýlegrar lagasetningar um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar.

Í bréfi Sambandsins er jafnframt gerð grein fyrir bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundi stjórnarinnar 27. júní sl. um að fylgt verði eftir hugmyndum þeim sem fram koma í framangreindu bréfi borgarstjórnar í Reykjavík um ráðstöfun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á tekjuauka vegna sérstaks bankaskatts.

Að umfjöllun lokinni um framangreind erindi og áhrif þeirra á úthlutanir framlaga úr Jöfnunarsjóði samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að fela formanni og forstöðumanni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að óska eftir fundi með Sambandi íslenskra sveitarfélaga um tilmæli þau sem fram koma í bréfi Sambandsins frá 1. júlí sl.

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, drög að dagskrá

Lögð voru fram til kynningar fyrstu drög að dagskrá Ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2014, sem haldinn verður á Hilton Reykjavík Nordica miðvikudaginn 8. október nk. og hefst kl. 16:00.

Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag fundarins verði með svipuðu sniði og undanfarin ár. Fundarstjóri verður Guðmundur Bjarnason, formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Ráðgjafarnefndin lagði til að drögin að dagskránni væru samþykkt.

Endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs - Staða mála

Gerð var grein fyrir stöðu mála hvað heildarendurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga varðar. Lögð voru fram til kynningar yfirlit þar sem farið er yfir samanburð á þremur sambærilegum sveitarfélögum og lýst þeim vanda sem vinnuhópurinn er að leita lausna á svo markmið endurskoðunarinnar nái fram að ganga. Einnig var farið yfir þau atriði í endurskoðuninni sem áætlað er að verði til umfjöllunar á ársfundinum.

Uppfærsla reiknilíkana, vegalengdir vegna snjómoksturs í þéttbýli

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga um endurskoðun vegalengda í þéttbýli vegna snjómoksturs.

Við útreikning útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins á grundvelli 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010 hefur viðmiðið snjómokstur í þéttbýli 3,2% vægi í A- hluta framlaganna. Í ár nema áætluð framlög sjóðsins vegna snjómoksturs 168,8 m.kr.

Vegalengdir sem lagðar eru til grundvallar að útreikningi framlaga vegna snjómoksturs í þéttbýli eru komnar til ára sinna og hafa ekki verið uppfærðar frá árinu 2007 nema við sameiningu sveitarfélaga.

Ráðgjafarnefnd samþykkti framkomna tillögu og lagði til að vegalengdir í þéttbýli vegna snjómoksturs væru teknar til endurskoðunar sem fyrst þannig að uppfærsla vegalengda væri lokið áður en endurskoðun fer fram á áætluðum útgjaldajöfnunarframlögum sjóðsins vegna ársins 2015.

Útreikningur áætlaðra framlaga til sveitarfélaga 2015

Íbúafjöldatölur frá því í janúar eða júlí 2014

Með tilvísun til þess að vinna við útreikninga áætlaðra framlaga ársins 2015 hæfist innan skamms var rætt um hvort við áætlanagerðina væru notaðar íbúafjöldatölur frá 1. janúar 2014 eða frá 1. júlí 2014.

Í fyrra var tekið mið af íbúafjöldatölum frá 1. júlí 2013.

Lagt var fram til kynningar yfirlit er sýnir annars vegar íbúapróun í sveitarfélögum frá 1. janúar 2013 til 1. júlí 2013 og hins vegar þróunina frá 1. janúar 2013 til 1. janúar 2014. Á yfirlitinu kom greinilega fram að með því að nota tölurnar frá 1. júlí 2013 væri verið að nálgast íbúafjöldatölurnar 1. janúar 2014 mun meira. Þær tölur voru síðan notaðar við endurskoðun á áætlaðri úthlutun framlaga ársins 2014.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að óskað væri eftir því við Hagstofu Íslands að unnar yrðu fyrir sjóðinn íbúafjöldatölur frá 1. júlí 2014 sem væru þá notaðar við fyrstu áætlanagerð framlaga ársins 2015 en þær áætlanir þurfa að liggja fyrir eigi síðar en í síðustu viku októbermánaðar. Við endurskoðun framlaganna í ársbyrjun væru síðan íbúafjöldatölur frá 1. janúar 2015 notaðar.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, fyrirspurn frá félagi meðlagsgreiðenda

Lagt var fram til kynningar minnisblað, dags. 28. júlí 2014, þar sem greint er frá niðurstöðu hvað varðar beiðni Samtaka meðlagsgreiðanda um afhendingu gagna er varða samskipti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Innheimtustofnunar sveitarfélaga árin 2013 og 2014.

Ályktun frá STÍR, samtökum tónlistarskóla í Reykjavík

Lögð var fram til kynningar ályktun frá STÍR, Samtökum tónlistarskóla í Reykjavík, dags. 3. september 2014. Þar sem m.a. kemur fram að óvissa ríki um fjármögnun kennslu á framhaldsstigi í hljóðfærarleik og miðstigi í söng skólaárið 2014-2015.

Ráðgjafarnefnd
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

8. september 2014

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 16:00.

Boðað verður sérstaklega til næsta fundar.

Halldór V. Kristjánsson